

**Sp.**

**182. Nefndarálit**

**[1. mál]**

um frv. til fjárlaga árið 1972.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1972 var vísað til fjárveitinganefndar hinn 26. okt. s. l., og hefur nefndin haldið 36 fundi, auk þess að undirnefndir hafa starfað

að athugun og tillögugerð varðandi hafnamál, skólabyggingamál, fyrirhleðslur og lífeyrisgreiðslur.

Nefndinni hafa borizt um 550 erindi og hafa fjölmörg þeirra hlotið afgreiðslu nefndarinnar, en önnur bíða frekari athugunar milli 2. og 3. umræðu.

Nefndin hefur lagt kapp á að ljúka fyrir 2. umræðu tillögugerð varðandi heildarfrjárveitingar til stærstu framkvæmdaliða og skiptingu þeirra, svo sem til hafnarframkvæmda, skólamannvirkja, sjúkrahúsbygginga og fyrirhleðslna, svo og skiptingu eftirlaunagreiðslna og styrktarfjár. Þetta hefur tekizt að þessu sinni. En ástæðurnar til þess, að jafnan er erfitt að ná því marki, eru þær, hve seint erindi berast til nefndarinnar og hve lengi stendur á gögnum frá viðkomandi ráðuneytum. Má t. d. geta þess, að um 100 erindi bárust nefndinni í desembermánuði, mörg um hin veigamestu mál. Er ljóst, að eigi að fást viðunandi starfsaðstaða fyrir nefndina, verður að setja einhver tímamörk á móttöku erinda, svo að ráðuneyti og fjárveitinga-nefnd fái ráðrúm til að vinna að athugun þeirra og að fjárlagagerð almennt með eðlilegum hætti.

Það er skoðun meiri hluta nefndarinnar, að á undanförunum árum hafi þáttur hinna nauðsynlegustu samfélagslegra framkvæmda verið of naumur við afgreiðslu fjárlaga, svo og hafi langtum of lítið verið sinnt félagslegum málefnum hins opinbera og stuðningi við hin ýmsu félagssamtök almennings. Afgreiðsla fjárlagafrumvarpsins nú markast af því, að hér verði veruleg breyting á. Annars vegar eru stórhækkaðar fjárveitingar til verklegra framkvæmda og tryggingarmála, og á hinn bóginn bera tillögur nefndarinnar það með sér, að leitast hefur verið við í ríkara mæli en áður hefur verið gert að koma til móts við óskir hinna fjölmörgu félagssamtaka, sem sótt hafa um fjárhagslegan stuðning við starfsemi sína.

Að nokkru leyti koma breytingar til úrbóta í þessum efnun fram í fjárlagafrumvarpinu sjálfu, en aðalbreytingin kemur nú fram.

Að samþykktum þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á þskj. 174 og 177, hafa t. d. eftirtaldir hækkanir orðið á fjárveitingum úr ríkissjóði til helztu þátta verklegra framkvæmda frá núgildandi fjárlögum:

	Hækkun í þús. kr.	Hækkun í %
Menntaskólar .....	7 200	12 %
Kennaraskóli .....	8 200	103 %
Iðnskólar .....	12 066	90 %
Sjómannaskóli .....	2 000	25 %
Héraðsskólar .....	20 780	80 %
Bænda- og garðyrkjuskólar .....	11 700	109 %
Íþróttasjóður .....	8 000	160 %
Barna- og gagnfræðaskólar .....	106 269	37 %
Sjúkrahúsbyggingar ásamt gæzlúvistarsjóði .....	110 363	62 %
Hafnarmannvirki og lendingarbætur .....	62 435	63 %
Hafnabótasjóður .....	5 000	29 %
Flugvellir og flugöryggisþjónusta .....	44 000	142 %
Rafvæðing í sveitum .....	18 000	56 %
Framlög til fjárfestingarsjóða og fjárfestingarstyrkir	218 283	25 %
Vegasjóður .....	53 000	113 %

Hinar naumu fjárveitingar til ýmissa veigamestu þátta verklegra framkvæmda á fjárlögum undanfarin ár hafa leitt til stórfelldrar skuldaaukningar ríkissjóðs á ýmsum sviðum, þar sem sveitarfélög og félagssamtök hafa ekki fengið greiddan lögbundinn hluta ríkissjóðs í framkvæmdum.

Þessi skuldaförnun ríkissjóðs veldur því, að erfiðara er en ella væri að nýta hinar nýju og ríflegri fjárveitingar á næsta ári að öllu leyti til þeirra nauðsynlegru framkvæmda, sem fólk um land allt bíður eftir. T. d. má nefna, að áætlað er, að um næstu áramót verði inneignir hafnasjóða hjá ríkissjóði rúml. 80 millj. kr. Þó að

unnt reynist að velta einhverju af þessum skuldum áfram, er ljóst, að of mikill hluti af þeirri 62 millj. kr. hækkun, sem nú verður á einu ári á ríkisframlagi til hafnaframkvæmda, fer til þess að greiða niður þá stórfelldu skuldásúpu, sem við er tekið.

Þá má geta þess, að ógreiddur hluti ríkissjóðs vegna íþróttamannvirkja nemur nú nálega 75 millj. kr. vegna allt of knappra fjárveitinga á undanförunum árum. Fjárveiting til íþróttasjóðs hefur nú verið hækkuð um 160%, og er það upphaf þess, að þróuninni verði loks snúið við og skuldir ríkissjóðs við sveitarfélög og íþróttasamtök vegna þessara framkvæmda taki að lækka ár frá ári, í stað þess að hlaðast upp, eins og látlaust hefur átt sér stað undanfarin ár.

Gert er enn fremur ráð fyrir að hefja á næsta ári úrbætur vegna stórfelldrar vanrækslu í flugvalla- og flugöryggismálum með hækkun fjárveitinga úr 31 millj. kr. á núgildandi fjárlögum í 75 millj. kr.

Á undanförunum árum, hefur svo lítt verið sinnt óskum forráðamanna ríkisspítalanna um ráðningu starfslíðs, að mjög hefur háð starfsemi viðkomandi stofnana. Það er stefna núv. stjórnarflokka að bæta úr í þessum efnun stig af stigi. Er ætlunin, að á fjárlögum ársins 1972 verði heimiluð aukning starfslíðs í þeim mæli, að nemur um 20 millj. kr. á ársgrundvelli, þar af á Kleppsspítala um 12 millj. kr.

Af þessum kostnaði er gert ráð fyrir, að til falli um 13 millj. kr. samtals á næsta ári. Tillögur þessa efnis eru í undirbúningi og verða lagðar fram fyrir 3. umræðu. Jafnframt er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir 4.5 millj. kr. fjárveitingu til undirbúnings að byggingu geðdeildar við Landsspítalann.

Í fjárlagafrv. er framlag ríkissjóðs til almannatrygginga 573.7 millj. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum, og gera má ráð fyrir, að við 3. umræðu hækki þessi upphæð enn mjög verulega vegna væntanlegs frumvarps um bótahækkunir og ákvarðana stjórnvalda um hækkunir bóta til samræmis við nýgerða kjarasamninga.

Nú fyrir 2. umræðu hafa verið afgreiddir allir helztu framkvæmdaliðir frumvarpsins með verulegum hækkunum, en allar tillögur á þskj. 174 og 177 fela í sér hækkun á gjaldahlíð frv. um 763.8 millj. kr., og svo sem fyrr segir er væntanleg við 3. umræðu hækkun á framlagi til almannatrygginga. Ljóst er, að í tekjuhlíð frv. er áætlun um upphæðir einstakra tekjustofna of lág, þegar tekið er tillit til hreyfinga í kaupgjaldsmálum, síðan frv. var samið, svo og breytinga á útsöluverði áfengis og tóbaks.

Meiri hluti nefndarinnar gerir þó ekki á þessu stigi tillögur um breytingu á tekjuhlíð frv., en stjórnskipuð nefnd hefur undanfarna mánuði unnið að endurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins, og væntanleg eru af hálfu ríkisstjórnarinnar frv. um tekjuöflunarmál, sem breytingartillögur við tekjuhlíð frumvarpsins verða byggðar á við endanlega afgreiðslu.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, en flytur sameiginlega breytingartillögur á þskj. 174 og 177. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni vilja þó taka fram, að þeir hafi óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur nefndarinnar, og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Þeir munu því leggja fram sérálit.

Um breytingartillögur nefndarinnar skal þetta tekið fram:

Um 1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

Embætti forseta Íslands, fjárveiting til viðhalds fasteignar hækkar um 1.5 millj. kr.

Um 1 01 Forsætisráðuneytið.

Liðurinn Þjóðhátíð 1974 hækkar um 750 þús. kr. vegna verðlaunaveitinga o. fl. — Nýr liður, breytingar á Arnarhvoli vegna flutninga, 3 millj. kr. — Nýr liður, framlag til Byggðasjóðs 146 085 000 kr. Samkv. frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins er Byggðasjóði ætlað að taka við hlutverki Atvinnuöfnunarsjóðs, og flytjast því

tekjur þess sjóðs af álgjaldi, 46 millj. og 85 þús. kr., og 15 millj. kr. beint framlag ríkisins yfir á Byggðasjóð. Auk þess bætist við nýtt framlag úr ríkissjóði, 85 millj., til þess að beint framlag ríkisins verði samtals 100 millj. kr., eins og ráðgert er í lagafrv. — Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, liðurinn hækkar um 2.1 millj. kr. vegna framkvæmda í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar.

#### Um 1 02 Menntamálaráðuneytið.

Fjárveiting til kennaranámskeiða hækkar um 1500 þús. kr. vegna aukinnar þátttöku kennara. — Háskóli Íslands: Til heimspekideildar nemur hækkunin 1 millj. 130 þús. og til byggingarframkvæmda og tækjakaupa 2 millj. 767 þús. — Fjárveiting til Handritastofnunar Íslands hækkar um 5 millj. kr., aðallega vegna kaupa á bókasafni Þorsteins M. Jónssonar (að hluta). — Inn kemur nýr liður, fjárveiting að upphæð 198 þús. kr. til hlutdeildar Íslands í sérfræðikostnaði við jarðefnaleit hér á landi árið 1970 á vegum Tækniástoðar Sameinuðu þjóðanna. — Tækniskólinn, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 700 þús. kr. vegna athugana í sambandi við byggingarmál skólans. — Iðnskólar, fjárveiting hækkar um 12 millj. 66 þús. Sundurliðun kemur fram á sérstöku yfirliti á þskj. 177. — Nýr liður, Fiskvinnsluskólinn 3.1 millj. Áætlun lá ekki fyrir við gerð fjárlagafrv. — Hjúkrunarskóli Íslands, hækkun á gjaldfærðum stofnkostnaði 900 þús. kr. vegna kaupa á kennslutækjum, húsbúnaði og breytinga á húsnæði. — Húsmæðraskólar, gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 2 millj. 323 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 177. — Myndlista- og handíðaskólinn, laun hækka um 125 þús. kr. vegna ráðningar húsvarðar. — Sjómannaskólahúsið, til byggingarframkvæmda hækkun um 2 millj., til þess að unnt sé að ljúka tilteknum áfanga. — Framlag til Samvinnuskólans hækkar um 700 þús. kr. — Framlag til bréfaskóla SÍs og ASÍ hækkar um 100 þús. kr. — Héraðsskólar, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 20 millj. 780 þús. kr. Þar af er hækkun vegna Reykhólts 9.5 millj. Sundurliðun kemur fram á þskj. 177. — Liðurinn barna- og unglingsstíggsskólar, aksturskostnaður hækkar um 23 millj., m. a. vegna vanáætlunar á núgildandi fjárlögum. — Barna- og unglingsstíggsskólar, viðhaldskostnaður skólafasteigna hækkar um 5.8 millj. og viðhaldskostnaður skólastofubúnaðar um 4 millj. 200 þús. — Framlag til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækkar um 98 millj. 960 þús. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Lánasjóður ísl. námsmanna, framlag hækkar um 86 millj. kr., og er heildarframlag miðað við áætlun stjórnar sjóðsins.

Styrkur til útgáfustarfsemi hækkar um 400 þús. kr., og er þá m. a. gert ráð fyrir, að eftirtaldir aðilar hljóti styrk sem hér segir:

Sögufélag Eyfirðinga 50 þús.

Kaldalónsútgáfan 100 þús.

Hið ísl. bókmenntafélag 375 þús.

Æskulýðssamband Íslands, vegna námskynningarhandbókar 40 þús.

Jón Gíslason, til að kanna sögu sunnlenska hreppafyrirkomulagsins 15 þús.

Hið ísl. þjóðvinafélag 200 þús.

Ingvar Brynjólfsson, vegna ísl.-þýzkrar orðabókar 75 þús.

Sögufélag Þingeyinga 50 þús.

Einar Ól. Sveinsson 100 þús.

Ólafur Ragnar Grímsson, til söfnunar samtímaheimilda um íslensk stjórnsmál 150 þús.

Til útgáfu sögu Eskifjarðar 50 þús.

Þjóðfræðafélag Íslendinga til skráningar á íslenskum þjóðlögum 35 þús.

Styrkur til myndlistarskóla hækkar um 120 þús., þ. e. styrkur til myndlistarskólans í Reykjavík um 80 þús., í Vestmannaeyjum um 20 þús., í Neskaupstað um 20 þús.

Framlag til Landsbókasafns hækkar um 385 þús., þar af launaliður um 100 þús. kr. til að ljúka allsherjarskrá um íslensk tímarit, og liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar

ar um 285 þús. vegna útgáfu íslenzkrar bókaskrár, áfangans 1534—1844. — Þjóðminjasafn, liðurinn hækkar í heild um 1050 þús., þar af laun og önnur rekstrargjöld um 600 þús. vegna Örnefnastofnunar og gjaldfærður stofnkostnaður um 110 þús. kr. vegna kaupa og viðgerða á báti þeim, sem Hannes Hafstein notaði árið 1899 við tilraun til handtöku brezks landhelgisbrjóts á Dýrafirði. — Framlag til Listasafns Einarssonar hækkar um 120 þús. kr. vegna launa forstöðumanns. — Listasafn Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 700 þús. kr., vegna þess að niður fellur framlag frá Menningarsjóði. — Kjarvalshúsið, gert er ráð fyrir framlagi, 979 þús. kr. Menntamálaráðuneytið tók við rekstri þess 1. okt. s. l. Gert er ráð fyrir, að Listasafnið hafi not af húsinu. Enn fremur má taka fram, að lána-hreyfingar út nema 315 þús. kr.

Framlag til náttúruverndarráðs hækkar samtals um 1.8 millj. kr., en tillögur frá ráðinu höfðu ekki horizt við gerð fjárlagafrv.

Í liðnum almenningsbókasöfn eru 300 þús. kr. færðar af bæjar- og héraðsbókasöfnum á liðinn til sveitarbókasafna og lestrarfélaga samkv. ósk bókafulltrúa ríkisins. Enn fremur er framlag til Rithöfundasjóðs Íslands hækkað um 205 þús. kr., og er framlagið þá í samræmi við gildandi lög.

Nýr liður, til Tónskóla Sigurvs D. Kristinssonar, að upphæð 400 þús., vegna stofnkostnaðar, fyrsta greiðsla af þremur, en skólinn hefur fest kaup á húsinu nr. 7 við Hellusund í Reykjavík. Í öðru lagi eru veittar 250 þús. kr. til Tónlistarskóla Kópavogs til að standa straum af ýmissi sérsmíði vegna innréttingar á húsnæði, sem skólinn hefur tekið á leigu til 10 ára.

Framlag til leiklistarstarfsemi hækkar um 800 þús. kr. — Liðurinn til listasafna hækkar um 300 þús. kr., þar af til Listasafns ASÍ um 200 þús. — Starfslaun listamanna hækka um 826 þús. Upphæð þessari er úthlutað af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar. — Liðurinn listamanna-laun hækkar um 1 millj. 700 þús. Á þskj. 174 er villa, sem verður leiðrétt.

Nýr liður, til Hins ísl. mannfræðifélags til mannfræðirannsókna í samvinnu við Háskóla Íslands 500 þús. kr. Auk þess er gert ráð fyrir, að Jens Pálssyni mannfræðingi verði veittar 150 þús. kr. af liðnum til náms- og fræðimanna. — Starfsstyrkur til Norræna félagsins hækkar um 100 þús. kr. — Æskulýðsráð ríkisins hækkar um 600 þús. kr., en laun æskulýðsfulltrúa ríkisins eru færð á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins. — Framlag til Æskulýðssambands Íslands hækkar um 45 þús. kr. — Framlag til Æskulýðsnefnda Austur-Húnavatnssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu hækkar um 25 þús. kr. til hvorrar um sig. — Framlag til Sambands ísl. kennaraskólanema hækkar um 15 þús. kr.

Liðurinn minningarlundir og skrudgarðar hækkar um 50 þús. kr. — Þrjú náttúrugripasöfn, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum, fá 25 þús. kr. hækkuð hvert. — Rekstrarstyrkur til Sæðýrasafnsins í Hafnarfirði hækkar um 50 þús. kr. — Framlag til Bandalags ísl. leikfélaga hækkar um 50 þús. kr. — Styrkur til Leikfélags Reykjavíkur hækkar um 1 millj. kr., og er upphæðin einkum ætluð til að bæta kjör lausráðinna leikara. — Styrkur til Skáksambands Íslands hækkar um 80 þús. kr., en áætlað er að hefja sérstaka deildakeppni í skák á Íslandi. — Styrkur til Taflfélags Reykjavíkur og Skáksambands Íslands vegna alþjóðaskákmóta hækkar um 50 þús. kr., en næsta alþjóðaskákmót á Íslandi verður haldið í febrúar n. k.

Dagheimili, byggingarstyrkir hækka um 200 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. Áformað er, að sett verði sérstök lög um stuðning ríkisins við rekstur og byggingu dagheimila. — Styrkur til Kvenfélagasambands Íslands hefur verið á tveimur liðum, en er nú sameinaður og hækkar um 200 þús. kr. — Styrkur til Kvenréttindafélags Íslands er hækkaður um 75 þús. kr. — Framlag til sumardvalarheimila, dagheimila o. fl. hækkar um 600 þús. kr. — Framlag til félagssamtakanna American Field Service hækkar um 25 þús. kr. 75 þús. kr. hækkuð á þessum lið, sem tilgreind er á þskj. 174, er villa, sem verður leiðrétt. — Styrkur til hagsmunasamtaka einstæðra foreldra hækkar um 50 þús. kr. Samtökin njóta jafnframt styrks frá Reykjavíkurborg.

Nýir liðir: Til Fóstrufélags Íslands vegna norræns fóstrumóts, sem halda á í Reykjavík á n. k. sumri, 150 þús. kr. — Til minnisvarða Ara fróða 35 þús. kr. — Til minnisvarða um Guðmund góða 35 þús. — Til minnisvarða Jón Eiríkssonar konferenzráðs 35 þús. Síðasttaldir þrír liðir eru óbreyttir frá nágildandi fjárlögum. — Veittar eru 75 þús. kr. til heimildarkvikmyndar um atvinnubröun á Suðurlandi. — Veittar eru 250 þús. kr. til töku heimildarkvikmyndar um sjómennsku á vegum sjávarútvegsráðuneytisins og e. t. v. fleiri aðila. — Veittar eru 60 þús. kr. til Haralds Ágústssonar til kaupa á sérstökum skurðarhníf til viðargreininga, en þess má geta, að Haraldur hefur ánafnað Háskóla Íslands safn sitt af viðarsýnishornum. — Veittar eru 100 þús. kr. til starfsemi sumarskóla í Edinborg, þar sem fjallað verður um islensk fræði, en fé þessu verður einkum varið til að fá fyrirlesara frá Íslandi til skólans. — Þá er tekið upp að nýju framlag til íslensks dýrasafns, 100 þús. kr., með sömu skilyrðum og áður, að sett verði stofnskrá um safnið, staðfest af menntamálaráðuneytinu. — Kór Óldutúnsskóla í Hafnarfirði eru veittar 100 þús. kr. til að taka þátt í söngmóti, sem halda á í Túnis í júlí 1972, en alþjóðleg félagssamtök tónlistaruppalenda innan UNESCO hafa boðið kórnum að koma fram á mótinu. — Rithöfundasambandi Íslands eru veittar 75 þús. kr. vegna móts barna- og unglingsbókahöfunda, sem haldið verður í Reykjavík á n. k. sumri.

#### 1 03 Utanríkisráðuneytið.

Á fjárlagafrv. hefur verið felldur niður útgáfustyrkur til Iceland Review að upphæð 80 þús. kr. Gerð er till. um, að liðurinn til kaupa á Iceland Review verði hækkaður um 76 þús. kr. og nemi þá upphæðin 450 þús. kr. — Nýr liður, aðstoð við þróunarlönd 1.5 millj., verður fénu varið til greiðslu kostnaðar við þátttöku Íslands í norrænu samstarfi um aðstoð við þróunarlöndin. — Veitt er framlag til greiðslu árgjalds Íslands til Bernarsambandsins, 125 þús. kr. — Veittar eru 70 þús. kr. vegna umsóknar Íslands um aðild að INTERPOL. — Nýr liður, tillag Íslands til IDA, 16.4 millj. kr. Hér er um að ræða tillag Íslands til alþjóðapróunarstofnunarinnar, en tillagið greiðist á þremur árum, nú í annað sinn.

#### 1 04 Landbúnaðarráðuneytið.

Sú till. er gerð um breyt. á framlögum til Landgræðslunnar og uppstillingu liða, að framlag af fé Landgræðslunnar, sem veitt hefur verið til landgræðslustarfsemi á vegum Landverndar og nam á yfirstandandi ári 2.8 millj., er hækkað í 3 millj. og sérgreint á liðnum. Auk þess er fjárveiting vegna gjaldfærðs stofnkostnaðar Landgræðslunnar sjálftrar hækkuð um 600 þús. kr. — Liðurinn Vélasjóður hækkar um 500 þús. kr. og verður þá 560 þús. — Liðurinn fyrirhleðslur hækkar um 4 millj. 890 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 177. — Liðurinn landþurrkun hækkar um 100 þús. kr. og verður alls 500 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Liðurinn uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækkar um 48 millj. og nemur þá alls 323 millj. Er þessi hækkun samkv. nýjustu áætlun. — Nýr liður, Veðdeild Búnaðarbankans 3 millj. kr., en deildin er mjög fjárvana. — Inn er tekinn nýr liður, til súgþurrkunar, að upphæð 2.5 millj. kr. — Framlag til Landssambands ísl. hestamannafélaga hækkar um 75 þús. og verður þá alls 125 þús. kr. — Sérstakt framlag til sama aðila til leiðbeininga um hestamennsku hækkar um 25 þús. kr. og verður þá alls 125 þús. kr. — Framlag til Efnarannsóknastofu Norðurlands hækkar um 100 þús. kr. og verður þá alls 500 þús. kr. — Framlag til rannsóknastöðvarinnar Kötlu hækkar um 75 þús. kr. — Nýr liður, 50 þús. kr. til norræns dýralæknámóts, sem halda á í Reykjavík í ágúst 1974. — Liðurinn Garðyrkjuskólinn á Reykjum, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr. — Nýr liður, bændaskóli á Suðurlandi, gjaldfærður stofnkostnaður 700 þús. kr. vegna undirbúningsathugana í sambandi við stofnun skólans.

#### 1 05 Sjávarútvegsráðuneytið.

Hafrannsóknastofnunin: Gert er ráð fyrir ráðningu eins sérfræðings og þriggja aðstoðarmanna, og hækkar því framlag til sjórannsóknadeildarinnar um 1500 þús.

kr. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að Hafþór verði rekinn allt næsta ár, en framlag til leiguskipa lækki sem nemur 1500 þús. kr. Heildarhækkunin verður því 12 millj. til stofnunarinnar. — Nýr liður, Rannsóknarstofa í Vestmannaeyjum, að upphæð 1 millj. kr., til að greiða kostnað við rannsóknarstofu fyrir fiskiðnaðinn í Vestmannaeyjum. — Liðurinn bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins hækkar um 1500 þús. kr. vegna kaupa á kvikasilfurstæki til mengunarrannsókna. Tækið verður notað sameiginlega af Hafrannsóknastofnuninni og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, auk þess sem það verður leigt út til annarra rannsókna, t. d. megunarrannsókna við Mývatn.

#### 1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Liðurinn embætti sýslumanna og bæjarfógeta, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1460 þús. vegna byggingar embættishústaða og skrifstofuhúsnæðis sýslumanna og bæjarfógeta. — Liðurinn sýslumaðurinn í Borgarnesi, launaliður hækkar um 362 þús. kr., vegna launa til eins starfsmanns við embættið 262 þús., og önnur hækkun er 100 þús. kr. — Liðurinn Hegningarhúsið í Reykjavík, viðhaldskostnaður hækkar um 500 þús. kr. — Liðurinn Vinnuhælið á Litla-Hrauni, viðhaldskostnaður hækkar um 170 þús. kr. — Liðurinn til aukinnar landhelgisgæzlu eftir 1. sept. 1972 hækkar um 5 millj. kr. og verður þá alls 20 millj. kr. — Liðurinn sérstök löggæzla hækkar um 700 þús. kr. til að standa straum af löggæzlu vegna fíkniefna. — Liðurinn bygging fangahúsa hækkar um 400 þús. kr. vegna byggingar fangageymslu á Akranesi. — Liðurinn Þjóðkirkjan, æskulýðsstarf hækkar um 100 þús. kr. — Nýir liðir: Til Kirkjuvogskirkju 150 þús. kr., styrkur til viðgerðar og varðveislu kirkjunnar. — Til Búrfellskirkju í Grímsnesi 50 þús. kr. vegna endurbóta á kirkjunni, sem fram fóru á árunum 1967—1970. — Til minningarkapellu um séra Jón Steingrímsson 250 þús. kr. — Til Auðkúlukirkju 75 þús. kr. vegna endurbyggingar.

#### 1 07 Félagsmálaráðuneytið.

Liðurinn vatnsveitur samkv. lögum hækkar um 7.5 millj., og er þá gert ráð fyrir því, að af heildarfjárhæðinni renni 7.5 millj. kr. til Vestmannaeyja og 700 þús. til Vestur-Landeyja. — Nýr liður, vatnsveitur aðrar, nemur 160 þús. kr.

Framlag til Atvinnuþjófnaðarsjóðs er fellt niður í samræmi við skýringar um framlag til Byggðasjóðs.

Liðurinn til Alþýðusambands Íslands hækkar um 1 600 þús. kr., og er framlagið ætlað til menningar- og fræðslustarfsemi. — Nýr liður: Til Alþýðusambands Íslands til orlofsstarfsemi 1 900 þús. kr., en Alþýðusambandið hefur í hyggju að gera sérstakar ráðstafanir í sambandi við skipulagningu vetrarorlofs og til að auðvelda verkafólki með öðrum hætti að taka orlof. — Styrkur til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 105 þús. kr., og er annars vegar um að ræða greiðslu lögfræðilegrar aðstoðar til eftirlits vegna meintra brota á iðnnámssamningum, 35 þús. kr., og hins vegar aukinn rekstrarstyrk.

Félagið Heyrnarhjálp, styrkurinn hækkar um 190 þús., en félagið kostar m. a. ferðir sérþjálfaðs manns ásamt aðstoðarstúlku um byggðir landsins til heyrnar-mælinga, leiðbeiningarstarfs um val og notkun heyrnartækja og annarra hjálpar-tækja fyrir heyrnardaufa. — Nýr liður: Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra er veittur 50 þús. kr. styrkur til að kosta sérnám fóstru erlendis í stjórnun og kennslu við fyrir-hugaðan forskóla og leikskóla fyrir fötlud börn. — Styrkur til Neytendasamtak-anna hækkar um 125 þús. kr. — Framlag til Orlofssjóðs húsmæðra hækkar um 400 þús. kr. — Framlag til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra vegna útgáfu sérstakrar orðabókar hækkar um 50 þús. kr. — Nýir liðir: Orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík 200 þús. kr., jafnhátt framlag og á nógild-andi fjárlögum. — Byggingarstyrkur til Geðverndarfélags Íslands 2 000 þús. kr., jafnhár og á nógildandi fjárlögum. — Byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar, lands-sambands fatlaðra er 500 þús. kr. hærri en á nógildandi fjárlögum. — Byggingar-styrkur til Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra er jafnhár og á nógildandi fjárlögum.

#### 1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Framlag til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknameiðstöðva og læknaþústaða hækkar um 61 millj. 578 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Liðurinn til að bæta héraðslæknisþjónustu hækkar um 1 millj. kr. vegna kaupa á bifreiðum, sem notaðar verða í læknilausum héruðum, þar sem fengnir eru læknar til að gegna störfum um stundarsakir. — Framlag til sjúkraflugs hækkar um 200 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir því, að flugfélagið Ernir h. f. fái 100 þús. kr. hækkun og Flugleiðir fái styrk að upphæð 100 þús. kr. — Nýr liður: Námskeið heilbrigðisstétta 1 millj. 500 þús. kr. Námskeið þetta er fólgið í því að þjálfa ljósmæður til almennra hjúkrunarstarfa vegna skorts á hjúkrunarfólki.

Framlag til elliheimila hækkar um 600 þús., sem er aukinn rekstrarstyrkur. — Nýr liður: Til heilsuhælis á Norðurlandi 100 þús. kr. Upphæðin er veitt til athugana í sambandi við hugmyndir um byggingu heilsuhælis á vegum náttúrulækningafélaga á Norðurlandi. — Veittar eru 100 þús. kr. til þings norrænna tannlækna, sem halda á hér á landi í júní 1972. — Framlag til félagssamtakanna Verndar hækkar um 100 þús. kr. Samtökin njóta enn fremur styrks frá Reykjavíkurborg og framlaga frá styrktarfélögum. — Framlag til áfengisvarna hækkar um 300 þús. kr., áætlun lá ekki fyrir við gerð fjárlagafrumvarps. — Framlag til Stórstúku Íslands hækkar um 270 þús. kr.

#### 1 09 Fjármálaráðuneytið.

Liðurinn embætti ríkisskattstjóra, laun hækka um 1958 þús. kr., en hækkun þessi stafar af fjölgun starfsmanna rannsóknardeildar.

Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn, liðurinn lækkar um 275 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur, liðurinn lækkar um 429 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174.

Ýmis lán ríkissjóðs, lánahreyfingar út. Liðurinn hækkar um 10 millj. og 900 þús. vegna kaupa á jarðhitaréttindum í Námaskarði við Mývatn. — Nýr liður: Lífeyrisjóður bænda 10 millj. kr., sem er greiðsla á iðgjaldi neytenda.

#### 1 10 Samgönguráðuneytið.

Vegagerð, gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 53 millj. kr., og er þar um að ræða hækkan á framlagi ríkisins til vegagerðar. — Vegagerð, til einstaklinga, heimila og samtaka, liðurinn hækkar um 400 þús. kr., og er þar um að ræða hækkan á framlagi til að halda uppi gistingu og byggð og þá fyrst og fremst til Bjarkarlundar og Flókalundar.

Hafnarmannvirki og lendingarbætur, liðurinn hækkar um 62 millj. og 435 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Ferjubryggjur, liðurinn hækkar um 69 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174. — Framlag til Hafnabótasjóðs hækkar um 5 millj. kr. — Sjóvarnargarðar, liðurinn hækkar um 2 millj. og 300 þús. kr. Sundurliðun kemur fram á þskj. 174.

Framlag til flugmálastjórnar hækkar um 35 millj. og 300 þús., þar af er aukinn rekstur 10.3 millj., en 25 millj. kr. renna til flugvallagerða og flugöryggismála.

#### 1 11 Iðnaðarráðuneytið.

Framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hækkar um 1 millj. kr. Rekstrarstyrkur til Landssambands iðnaðarmanna hækkar um 100 þús. kr. — Nýr liður: 10 millj. kr. til jarðvarmaveitna ríkisins vegna halla á raforkuvinnslu í Námaskarði.

Alþingi, 12. des. 1971.

Geir Gunnarsson,  
form., frsm.

Ingvar Gíslason,  
fundaskr.

Karvel Pálmason.

Ágúst Þorvaldsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.